

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 11. mars 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Rafræna Reykjavík:***

Fyrirspurn um Rafræna Reykjavík umsóknarvef Reykjavíkurborgar: Þrátt fyrir að til sé heil skrifstofa undir þjónustu- og nýsköpunarsviði sem heitir Stafræn Reykjavík sem á að sjá m.a. um vefþróun og stafræna þróun, hefur umsóknarvefur Reykjavíkurborgar Rafræn Reykjavík lítið sem ekkert breyst eða þróast í mörg ár jafnvel þótt keypt hafi verið umtalsverð ráðgjöf og hugmyndavinna innan og utanlands undanfarin ár. Þess vegna er spurt: Eru líkur á því að borgin geti nýtt sér að einhverju leyti alla þá aðkeyptu ráðgjöf og afrakstur hugmyndavinnustofu þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem nú þegar er búið að greiða fyrir varðandi áframhaldandi þróun á þessari þjónustugátt Rafræn Reykjavík og öðrum vefjum borgarinnar? R21030127